

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) þann 24. mars 2025. Fundurinn var haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara. Mætt voru:

Fyrir hönd LSS: Bjarni Ingimarsson, Gylfi Jónsson, Anton Berg Carrasco, Ásgeir Þórisson, Jón Þór Jóhannsson og Guðmundur Þór Jónsson.

Fyrir hönd SNS: Kolbeinn Guðmundsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Gr. 10.2.5 í kjarasamning LSS

Að mati LSS er mikilvægt að gr. 10.2.5 í nýjum 10. kafla kjarasamnings LSS við SÍS sé túlkuð vítt og að starfsmenn slökkviliða njóti ávinnings þess að hafa háskólamenntun. Háskólamenntun sem félagsmenn sækja sér mun efla þá í starfi óháð námsleið þar sem námið mun stuðla að aukinni þekkingu, öguðum vinnubrögðum og skipulagshæfni.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála að túlka beri skýringakassa neðan við gr. 10.2.5 á þann hátt að starfsmaður skuli njóta persónuálags til samræmis við greinina skili hann inn fullnægjandi gögnum um lok á háskólanámi.

Tilgangur samningsaðila með greininni er að auka hvata til að meta háskólamenntun starfsmanna sem sinna störfum sem ekki krefjast háskólamenntunar. Mælt er með því að heimildin sé nýtt þegar hún er starfsmanni hagstæðari.

Fleira var ekki gert.

Margrét Sigurðardóttir
Inga Rún Ólafsdóttir
Kolbeinn Guðmundsson

Bjarni Ingimarsson
Gylfi Jónsson
Jón Þór Jóhannsson
Anton Berg Carrasco
Ásgeir Þórisson